



Fréttabréf Naustaskóla

4. tölublað, 9. árgangur, 1. apríl 2016


Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Skólapúlsinn

Nú liggja fyrir niðurstöður úr árlegri foreldrakönnun Skólapúlsins þar sem spurt er um ýmsa þætti sem varða skólafarir og mat foreldra á því. Sem fyrr eru niðurstöður í heildina tekið ánægjulegar og gefa skýrt til kynna að skólinn okkar er sannarlega samkeppnishæfur við hvaða skóla sem er. Niðurstöðurnar eru að venju aðgengilegar á heimasíðu skólans undir „Matsgögn og skýrslur“ en til að bregða einhverju upp má sjá hér eina mynd þar sem um er að ræða mat á ánægju foreldra með nám og kennslu í skólanum. Eins og sjá má sveiflumst við ár eftir ár fyrir ofan landsmeðaltalið sem er sannarlega finn árangur og við þökkum traustið!

Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum



Kæra skólasamfélag

Sólin fíkrar sig hærra upp með hverjum deginum, marsmánuður að baki og vor í lofti! Í liðnum mánuði bar árshátíðina okkar að sjálfsögðu hæst en við erum afar stolt af hvernig þar tókst til. Þar var glæsilegur viðburður með sannarlega hátt skemmtanagildi, fyrir nú utan allt það nám sem á sér stað við undirbúning, æfingar og að lokum að standa fyrir sínu fyrir framan mannfjöldann. Starfsmönnum, nemendum og foreldrum eru færðar bestu þakkir fyrir að gera hátíðina í sameiningu svo vel úr garði!

Skóladağatal aprílmánaðar ber merki þeirrar ákvörðunar sl. vors að safna saman starfsdögum skólaársins í kringum sumardaginn fyrsta til að gera starfsmannahópnum fært að bregða sér erlendis í námsferð. Hópurinn mun leggja í hann til Svíþjóðar að kvöldi mánudagsins 18. apríl og verja því sem eftir lifir þeirrar viku í Stokkhólmi og nágrenni þar sem sótt verður fræðsla og skoðaðar áhugaverðar skólafestir.

Við erum nú að byrja að undirbúa næsta vetur, huga að stundaskrárgerð, uppröðun í teymi o.s.frv. Gera má ráð fyrir að skipan teyma liggja fyrir í lok apríl og verði kynnt í næsta fréttabréfi. Eins og flestum er kunnugt eru svo skólafestir framundan í Naustaskóla þar sem undirritaður hefur ákveðið að flytja sig um set. Áformað er að auglýsa starfið á næstu dögum, umsóknarfresturinn mun renna út seint í apríl og má því búast við að gengið verði frá ráðningu í byrjun maí. Nýr skólafestir mun svo taka við þann 1. ágúst nk.

Með von um milt vor og dásamlegt líf að vanda í aprílmánuði! Ágúst Jakobsson, skólafestir

Upplestrarkeppni 7.b.

Hin árlega upplestrarkeppni í 7. bekk var haldin í Naustaskóla þann 31. mars og þar voru valdir fulltrúar til að keppa fyrir hönd skólans á lokahátíð keppinnar í Menntaskólanum þann 6. apríl nk. Dómarar voru Sigríður Ása Harðardóttir, Særún Magnúsdóttir og Heiða Björg Guðjónsdóttir. Allir keppendur stóðu sig frábærlega en að lokum voru að þau Jóna Margrét Arnarsdóttir, Katrín Jónsdóttir og til vara Aron Snær Eggertsson sem valin voru fyrir hönd Naustaskóla til að taka þátt í keppninni að þessu sinni.



3.-4. sæti í Skólahreysti

Keppendur skólans náðu aldeilis stórgóðum árangri í Skólahreysti sem fram fór í Íþróttahöllinni fimmtudaginn 16. apríl þegar liðið deildi 3.-4. sæti með Oddeyrarskóla. Giljaskóli varð í 2. sæti en það var Síðuskóli sem bar sigur úr þytum. Keppendur frá Naustaskóla voru þau Birgir Baldvinsson, Bjarney Sara Bjarnadóttir, Helgi Björnsson og Védís Alma Ingólfssdóttir og varamenn voru þau Alexander L. Valdimarsson og Embla Sól Garðarsdóttir. Skemmtilegar myndir frá keppninni má nálgast á slóðinni:

<https://goo.gl/photos/whrHHuQRskzg758G9>

en hér til hliðar má sjá hina fræknu keppendur skólans. Til hamingju með árangurinn!





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Apríl 2016

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
3.	4. Plökkfiskur, rúgbrauð og salat. Ávextir. Smíðjuskil hjá 4.-7.b	5. Hakk, spagettí og gúrka. Ávextir. Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	6. Fiskur í raspi, kartöflur, salatbar og jógúrt-dressing. Ávextir. Lokahátíð stóru upp-lestrarkeppni 7.b.	7. Kjúklingatortillur og grænmeti. Ávextir.	8. Makkarónusúpa, brauð, álegg og salatbar. Ávextir.	9.
10.	11. Lasagna, kartöflustappa og gúrka. Ávextir.	12. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti, lauk-smjör og salatbar. Ávextir. Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	13. Lambasnitsel, kartöflur, salat, grænar baunir og sveppasósa. Ávextir.	14. Ofnbakaður fiskur í ostasósu, hrísgrjón og rifnar gulrætur. Ávextir.	15. Grænmetissúpa, brauð og salatbar. Ávextir.	16.
17.	18. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og brætt krydd-smjör. Ávextir.	19. Starfsdagur Frístund lokuð Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	20. Starfsdagur Frístund lokuð	21. Sumardagurinn fyrsti FRÍ	22. Starfsdagur Frístund lokuð	23.
24.	25. Ofnbakaður fiskur í tómatakarrýsúsu, hrísgrjón og gúrka. Ávextir.	26. Kjötballur, kartöflur, lauksósa og salatbar. Ávextir. Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	27. Steiktur steinbítur, kartöflur, salat og sól-skindsdressing. Ávextir.	28. Lambapottréttur, kúskús og rífið hvítkál. Ávextir.	29. Skinkupasta og salatbar. Ávextir. Blár dagur	30.

Lest þú með með þínu barni?

Við minnum foreldra á að þó að stefna skólans feli í sér að heimanámi sé haldið í lágmarki, er samt gerð krafa um að foreldri sinni eftirfylgni með heimalestri nemenda, og á það jafnt við þó að barnið hafi náð bærilegum tókum á lestrinum. Rétt er að minna á að fátt ef nokkuð hefur meiri áhrif á námsáhrifa og námsframvindu nemenda en það að foreldrar séu vakandi og áhugasamir þegar kemur að því að hvetja börnin til lestrar. Af þessu tilefni langar okkur til að benda á "lesvefinn" en þar má finna gagnlegar ábendingar og hugleiðingar fyrir jafnt foreldra og kennara um heimalestur og lestrarkennslu. Slóðin á lesvefinn er <http://lesvefurinn.hi.is>

Skóladagatal næsta vetrar

Nú er hægt að nálgast skóladagatal næsta skólaárs á slóðinni:

http://www.naustaskoli.is/static/files/2016_2017/skoladagatal_2016_2017.pdf

Dagatalið er birt með þeim fyrirvara að það á eftir að fara fyrir skólanefnd til afgreiðslu.

